



Framkvæmda- fréttir 19. tbl. /05

Rekstur Vestmannaeyjaferju
boðinn út,
sjá bls. 3



M/s Herjólfur á leið til Þorlákshafnar. Hekla í baksýn.

Auglýsingar útboða

Hlíðarvegur (917) um Laxá hjá Fossvöllum 05-048

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýbyggingu á 1,14 km löngum kafla Hlíðarvegar um Laxá hjá Fossvöllum

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	38.800 m ³
Burðarlög	10.800 m ³
Tvöföld klæðing	9.000 m ²
Grjótvörn	250 m ³
Frágangur fláa	19.300 m ²

Verki skal að fullu lokið 15. október 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 2. ágúst 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 16. ágúst 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Kísilvegur 87, slitlagsendi á Grímsstaðaheiði - Geitafellsá, 1. áfangi 05-045

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu á 5 km löngum kafla Kísilvegar frá slitlagsenda á Grímsstaðaheiði, norður Hólasand.

Helstu magntölur eru:

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	85.000 m ³
Burðarlög	21.300 m ³
Tvöföld klæðing	37.800 m ²
Ræsalögn	108 m
Frágangur fláa	106.000 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2006

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 2. ágúst 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 16. ágúst 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 19. tbl. 13. árg. nr. 407 2. ágúst 2005

Ritstjórn og umsjón útgáfu:

**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:

Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsfrankvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaféni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Útboð á sérleyfisleiðum og skólaakstri

Þann 7. ágúst nk. mun Ríkiskaup auglýsa útboð á sérleyfisleiðum og skólaakstri 2006 til 2008. Er það í samræmi við þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2005-2008 en þar er m.a. fjallað um meginmarkmið langtímasamgönguáætlunar 2003-2014 og þau verkefni sem talin eru falla vel að þessum meginmarkmiðum á tímabilinu 2005-2008. Undir „Markmiðum um greiðari samgöngur“ er lagt til að farið verði yfir tilhögun og fjármögnun almenningsamgangna. Nefnd sem skipuð var af samgönguráðherra til að móta stefnu um málefni almenningsamgangna milli þéttbýliskjarna á næstu árum lagði m.a. til í skýrslu sinni að sérleyfi yrðu boðin út í samræmi við lög nr. 73/2001 til 2-3 ára á meðan unnið yrði að framtíðarstefnumörkun málaflokksins. Nefndin fjallaði einnig sérstaklega um samræmingu skólaaksturs við núverandi akstur sérleyfisbifreiða og lagði í skýrslu sinni til að Vegagerðin skoðaði þennan þátt með það í huga að sameina skólaakstur og sérleyfisakstur þar sem það væri talið hagkvæmt.

Það hefur sýnt sig á undanförunum árum að á mörgum sérleyfisleiðum eru ekki rekstrarlegar forsendur til að halda uppi viðunandi þjónustustigi og er í þessu útboði óskað eftir tilboðum í umframkostnað á viðkomandi sérleyfisleið eða leiðum, þ.e. þann mismun áætlaðra tekna og gjalda sem bjóðandi telur sig þurfa til að geta staðið undir rekstri á viðkomandi leið/leiðum.

Bjóðandur munu væntanlega gera kostnaðaráætlun vegna akstursins og tekjuáætlun vegna fargjalda og miða tilboð sitt við mismuninn á þessum tölum. Í útboðsgögnum eru birtar tölur yfir fjölda farþega á viðkomandi leiðum undanfarin ár og geta bjóðendur haft þær til hliðsjónar við gerð tekjuáætlana. Þar sem fargjöld munu renna til verktaka er það hans hagur að markaðsetja rekstur sinn vel.

Útboðið

Ríkiskaup fyrir hönd Vegagerðarinnar, Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Fjölbrautaskóla Suðurnesja óska eftir tilboðum í eftirfarandi: áætlunarakstur á sérleyfisleiðum á Íslandi, skólaakstur á Suðurlandi, skólaakstur á Snæfellsnesi og skólaakstur á Suðurnesjum á árunum 2006-2008.

Óskað er eftir tilboðum í áætlunarakstur á eftirtöldum þjónustusvæðum:

1. Þjónustusvæði 1 – Suðurland
2. Þjónustusvæði 2 – Reykjanes
3. Þjónustusvæði 3 – Vesturland og Norðurland
4. Þjónustusvæði 4 – Vestfirðir
5. Þjónustusvæði 5 – Austfirðir

Nánari skilgreining á þjónustusvæðum í sérleyfisakstri fer hér á eftir:

Þjónustusvæði 1

F1 Reykjavík - Hveragerði - Selfoss: 40 eða 42 ferðir í viku. Í tengslum við þessar ferðir eru farnar 13 eða 14 ferðir í viku austur í Hvolsvöll og í tengslum við þær ferðir eru farnar 4 eða 14 ferðir í viku áfram til Víkur eftir árstíma og þaðan eru svo farnar 4 eða 7 ferðir (eftir árstíma) í viku áfram til Hafnar í Hornafirði. Sjá næstu ferðir hér á eftir.

F2 Selfoss - Hella - Hvolsvöllur: 13 eða 14 ferðir í viku eftir árstíma.

F3 Hvolsvöllur - Vík: 4 eða 14 ferðir í viku eftir árstíma

F4 Vík - Kirkjubæjarklaustur - Höfn: 4 eða 7 ferðir í viku eftir árstíma.

F5 Selfoss - Laugarvatn - Reykholt - Laugarás: 7 ferðir í viku.

F6 Selfoss-Flúðir: 12 ferðir í viku.

F7 Selfoss - Eyrarbakki - Stokkseyri: 13 ferðir í viku.

F8 Reykjavík - Þorlákshöfn: 13 eða 14 ferðir í viku.

F9 Höfn - Djúpvogur - Breiðdalsvík - Egilsstaðir: Einungis farið á sumrin, 7 ferðir í viku.

Þjónustusvæði 2

F10 Reykjavík - Leifsstöð: Sérleyfishafi er skuldbundinn til að fara í Leifstöð fyrir hverja brottför áætlunarflugvéla og til Reykjavíkur eftir hverja komu áætlunarflugvéla.

F11 Reykjavík - Vogar - Reykjanesbær: 31 ferð í viku.

F12 Reykjanesbær - Sandgerði - Garður: 12 ferðir í viku.

F13 Reykjavík - Grindavík: 14 ferðir í viku.

Þjónustusvæði 3

F14 Reykjavík - Borgarnes: 21 eða 22 ferðir í viku.

F15 Borgarnes - Reykholt: 2 ferðir í viku.

F16 Stykkishólmur - Vatnaleið - Borgarnes : 9 ferðir í viku.

F17 Hellissandur - Ólafsvík - Grundarfjörður - Vatnaleið: 9 ferðir í viku.

F18 Borgarnes - Búðardalur: 5 ferðir í viku. Í framhaldi af þessari ferð eru farnar 2 ferðir í viku að Reykhólum og komið við í Króksfjarðarnesi í þeim ferðum, að auki eru farnar 2 ferðir í Króksfjarðarnesi. Í einni þessara ferða skal koma við í Staðarfelli.

F19 Búðardalur - Króksfjarðarnesi: 4 ferðir í viku.

F20 Króksfjarðarnesi - Reykhólar: 2 ferðir í viku.

F21 Reykjavík - Brú - Hvammstangi - Blönduós - Skagaströnd - Varmahlíð - Akureyri: 7 eða 14 ferðir í viku eftir árstíma.

F22 Brú - Hólmavík: 1 eða 3 ferðir í viku eftir árstíma. Í framhaldi af þessari ferð er farin 1 ferð í viku til Drangsness. Sjá næstu ferð.

F23 Hólmavík - Drangsness: 1 ferð í viku.

F24 Sauðárkrúkur - Varmahlíð: 14 ferðir í viku.

F25 Siglufjörður - Sauðárkrúkur: 8 ferðir í viku. Þar af 5 ferðir í tengslum við áætlunarflug til Sauðárkrúks og 3 ferðir í tengslum við áætlunarferðir, Reykjavík-Akureyri.

F26 Dalvík - Akureyri: 15 ferðir í viku. Í framhaldi af þessari ferð eru farnar 10 ferðir í viku áfram frá Dalvík til Ólafsfjarðar.

F27 Dalvík - Ólafsfjörður: 10 ferðir í viku.

F28 Húsavík - Akureyri: 18 eða 23 ferðir í viku eftir árstíma. Í framhaldi af þessari ferð eru farnar 5 ferðir í viku til Þórshafnar. Sjá næstu ferð.

F29 Húsavík - Raufarhöfn - Þórshöfn: 5 ferðir í viku.

F30 Akureyri - Laugar - Skútustaðir - Reykjavík - Egilsstaðir: 4 eða 7 ferðir í viku eftir árstíma.

Þjónustusvæði 4

F31 Bolungarvík - Ísafjörður: 22 ferðir í viku. Farnar eru 14 ferðir í viku í tengslum við flug til og frá Ísafirði og 8 ferðir í viku sem almennar samgöngur á milli sveitafélaganna.

F32 Patreksfjörður - Tálknafjörður - Bíldudalur: 6 eða 7 ferðir í viku í tengslum við flug til og frá Bíldudal.

F33 Ísafjörður - Brjánslækur - Patreksfjörður: Einungis er farið á sumrin, 3 ferðir í viku.

F34 Ísafjörður - Súðavík - Hólmavík: Einungis er farið á sumrin, 3 ferðir í viku í tengslum við ferðir frá Brú til Hólmavíkur.

F35 Ísafjörður - Súðavík: 12 ferðir í viku.

Þjónustusvæði 5

F36 Bakkagerði (Borgarfjörður eystri) - Egilsstaðir: 5 ferðir í viku.



M/s Herjólfur við bryggju í Þorlákshöfn.

- F37** Seyðisfjörður - Egilsstaðir: 11 eða 15 ferðir í viku.
F38 Neskaupsstaður - Eskifjörður - Reyðarfjörður - Egilsstaðir: 12 ferðir í viku.
F39 Breiðdalsvík - Stöðvarfjörður - Fáskrúðsfjörður - Egilsstaðir: 5 ferðir í viku.
F40 Djúpvogur - Höfn - Árnesflugvöllur: 5 ferðir í viku í tengslum við flug til og frá Höfn.

Á þjónustuvæðum 1, 2 og 3 skal bjóða í allar leiðirnar innan hvers þjónustuvæðis í einulagi, þ.e. S1, S2 og S3 en tilgreina skal verð í hverja einstaka leið Fx. Samtala tilboða allra leiða, (Fx), innan svæðisins myndar tilboðstöluna Sx að teknu tilliti til ferðafjölda. Tilboð í rekstur sérleyfisleiða á þjónustuvæðum 1, 2 og 3 verða ekki tekin til greina ef ekki er gert tilboð í allar

framhald á baksíðu

Niðurstöður útboða

Holtsvegur (314) og Arnarbælisvegur (375) 05-040

Tilboð opnuð 26. júlí 2005. Arnarbælisvegur (375) í Ölfusi og Holtsvegur (314) hjá Stokkseyri, alls 1,5 km. Auk nýbygginganna skal setja nýtt ræsi í Valhallarlæk sem einnig er á Holtsvegi.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	3.220 m ³
Fláafleygar	570 m ³
Skeringar	3.930 m ³
Neðra burðarlag, óunnið efni	5.245 m ³
Efra burðarlag, unnið efni	1.260 m ³
Ræsi	108 m
Girðingar	2.800 m
Tvöföld klæðing	9.630 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. október 2005.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða	18.837.050	119,2	1.061
2	Nesey ehf., Selfossi	18.142.900	114,8	367
1	Vörubílstjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	17.775.800	112,5	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	15.800.000	100,0	-1.976

Rekstur Vestmannaeyjaferju 2006 - 2010 boðinn út

Í þessu tölublaði er auglýst útboð á fólks- og bifreiðaflutningum til og frá Vestmannaeyjum. Verktaki skal nota ferjuna m/s Herjólfur við þessa flutninga og skal ferjan liggja í Vestmannaeyjahöfn þegar hún er ekki í notkun.

Heildarflutningsmagn með ferju til og frá Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn hefur verið á ári um 80.000 - 120.000 ferþegar, 20.000 - 32.000 fólksbifreiðir og 2.700 - 3.000 flutningabílar.

Samningstími er fimm ár með heimild til framlengingar í tvö ár til viðbótar, ef aðilar ná um það samkomulagi. Ef ákveðið verður fyrir mitt ár 2006, að smíða eða kaupa nýtt skip í stað m/s Herjólfur eða leysa samgöngur til Vestmannaeyja með öðrum hætti er heimilt að segja samningi þessum upp með tveggja ára fyrirvara, þó með gildistíma í fyrsta lagi frá 1. janúar 2009. Fyrsta ferð samkvæmt samningi þessum er áætluð 2. janúar 2006.

Óskað er eftir tilboðum í 13 ferðir á viku allt árið en það er eins og núgildandi sumarátlan sem er tvær ferðir á dag alla daga vikunnar nema laugardaga en þá er farin ein ferð. Einnig er óskað eftir tilboðum í 14 ferðir á viku sem þýðir tvær ferðir á dag. Þessar átlanir eru með nokkrum undantekningum vegna hátíða.

Auglýsingar útboða

Ferjuleið, Vestmannaeyjaferja 2006 - 2010 05-034

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í rekstur á ferjuleiðinni Vestmannaeyjar - Þorlákshöfn, þ.e. að annast flutninga á farþegum og ökutækjum með m/s Herjólfur.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 2. ágúst. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. september og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, vegtenging	06
05-047 Hringvegur (1), Arnórstaðamúli	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
05-039 Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn	05
05-041 Sólheimavegur (354), Eyvík - Sólheimar	05
05-054 Þverárfjallsvegur (744), Kallá - Sauðárkrókur	05
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	05
05-053 Vestfjarðavegur (60) um Svínadal	05
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	05
05-055 Djúpvvegur (61) um Svansvík	05
05-056 Strandavegur (643), Illaholt - Eyjar	05
05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Kópasker	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	05
05-042 Þingskálavegur (268), ræsi	05
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósaboþna	05
05-037 Krísuvíkurvegur (42), Hraunhella - Hamranes	05
05-036 Nesvegur (425), Reykjanes - Staður	05
05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	05
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
05-034 Vestmannaeyjaferja 2006-2010	02.08.05 06.09.05
05-057 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Siglufjörður 2005 - 2008	02.08.05 16.08.05
05-048 Hlíðarvegur (917) um Laxá hjá Fossvöllum	02.08.05 16.08.05
05-045 Kísilvegur (87), slitlagsendi á Grímsstaðaheiði - Geitafellsá, 1. áfangi	02.08.05 16.08.05
05-051 Vatnsnesvegur (711), Ósar - Hólaá	18.07.05 02.08.05
05-049 Upphéraðsvegur (931) um Ormarsstaðaá	18.07.05 02.08.05
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
05-040 Holtsgvegur (314) og Arnarbælisvegur (375)	11.07.05 26.07.05
05-033 Yfirlagnir á Norðvestursvæði, malbik	27.06.05 12.07.05
05-030 Snæfellsnesvegur (54), um Grundarfjörð, öryggisaðgerðir	06.06.05 21.06.05
05-027 Lagfæring axla á Hafnarfjarðarvegi (40)	23.05.05 07.06.05

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
05-029 Hringvegur (1) við Borgarnes, tenging við Digranesgötu	23.05.05	07.06.05
05-002 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, 2005, malbik	09.05.05	24.05.05
05-015 Sérmerkingar á Suðvestursvæði 2005	04.04.05	19.04.05
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
05-032 Arnarnesvegur (411), hringtorg við Fífuhvamsveg og Bæjarbraut Loftorka Reykjavík ehf.	21.06.05	21.07.05
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað Jarðvélar ehf.	31.05.05	14.07.05
05-031 Ísafjörður skrifstofa, viðbygging og breytingar Vestfirskir verktakar ehf.	30.05.05	21.07.05

Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Siglufjörður 2005 - 2008

05-057

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vörubifreiðum, hjólaskóflu, veghefli og snjófeyki, hálkuvörn með vörubílum, eftirlit og stjórnun, innan ramma marksamnings á leiðinni Sauðárkrókur - Siglufjörður.

Helstu magnþölur eru:

Eftirlitsbíl	56.720 km
Eftirlitsmaður	1.900 klst
Snjómokstur vörubíll (km)	18.612 km
Snjómokstur hjólaskófla	300 klst.
Snjómokstur veghefill	128 klst.
Snjómokstur snjófeykir	139 klst.
Snjómokstur vörubíll (klst)	15 klst.
Sand- og saltdreifing	5.640 km

Verktími er frá 1. október 2005 til og með 30. apríl 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 2. ágúst 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 16. ágúst 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

framhald af síðu 3

leiðirnar innan svæðisins. Á þjónustusvæðum 4 og 5 skal bjóða í einstakar leiðir innan svæðisins (Fx) en bjóðendur hafa val um það í hversu margar leiðir þeir bjóða. Undantekningin frá þessu er sú að sá sem hyggst bjóða í einhverja af leiðum F33, F34 og F35 er skylt að bjóða í þær allar sem svæði S4.

Sérleyfi á leiðunum verður veitt þeim sem býður lægst í leiðirnar að teknu tilliti til ferðafjölda og að uppfylltum formsskilyrðum.